

Reykjavík, 12. júlí 2019
UST201711-128/B.S.
08.14.00

Efni: Stefna um meðhöndlun úrgangs

Með bréfi dags. 18. janúar 2018 óskaði umhverfis- og auðlindaráðuneytið eftir því að Umhverfisstofnun ynni tillögur að nýrri stefnu um meðhöndlun úrgangs fyrir landið allt. Í slíkri stefnu skulu m.a. koma fram upplýsingar um stöðu úrgangsmála í landinu, hlutverk stjórnvalda og einkaaðila við meðhöndlun úrgangs og stefna til að bæta endurnotkun, endurnýtingu og förgun sbr. 1. mgr. 5. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs. Í sama bréfi samþykkti ráðuneytið tillögur stofnunarinnar um efnistöð, tilhögun samráðs og tímaramma verkefnisins.

Í þeim tillögum er kveðið á um að stofnunin skuli hafa samráð við hlutaðeigandi haghafa og gefa þeim tækifæri til að gera athugasemdir við lokadrög stefnunnar áður en stefnan fer í opið samráðsferli í samráðsgátt stjórnvalda.

Sem hluti af framangreindu samráði eru meðfylgjandi lokadrög að stefnu um meðhöndlun úrgangs, sem eru nú hluti af stefnu umhverfis- og auðlindaráðherra í úrgangsmálum. Óskað er eftir því að hlutaðeigandi haghafar geri athugasemdir við stefnuna **eigi síðar en 23. ágúst n.k.** og skulu umsagnir berast stofnuninni í gegnum netfangið ust@ust.is. Sérstök athygli er vakin á kafla 3.4 þar sem aðgerðir eru settar fram.

Virðingarfyllst



Elya Rakel Jónsdóttir
Sviðsstjóri



Birgitta Stefánsdóttir
Sérfræðingur